

19.03.2009

Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands: Tímabært að draga gætilega úr peningalegu aðhaldi

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka stýrivexti bankans um eina prósentu í 17%. Hagvísar benda til þess að skilyrði séu til þess að draga úr peningalegu aðhaldi. Verðbólguþrýstingur hefur verið á undanhaldi um leið og eftirspurn hefur dregist saman, atvinna minnkað og gengi krónunnar orðið stöðugra. Sveigjanleiki þjóðarbúskaparins hefur komið fram í hraðri aðlögun innlendrar eftirspurnar, kaupmáttar launa og ytri jafnaðar. Mikill halli á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd hefur snúist í verulegan afgang.

Mikilvægt er að halda gengi krónunnar stöðugu í ljósi þess hve efnahagur heimila, fyrirtækja og banka er viðkvæmur gagnvart gengissveiflum. Fyrir vikið er óhjákvæmilegt að peningalegt aðhald sé meira en annars væri viðeigandi.

Á næstu mánuðum verða stigin mikilvæg skref í endurskipulagningu íslenska fjármálakerfisins. Þegar endurskipulagningunni verður lokið, dregið hefur úr óvissu um erlendar skuldir, skuldir hins opinbera og stöðu ríkisfjármála, og virkni fjármálamarkaða hefur aukist mun peningastefnan í auknum mæli geta stutt við efnahagsbata.

Eftir aðlögun í kjölfar gengislækkunar krónunnar á sl. ári virðist sem verðbólga hafi náð hámarki í janúar og að hraðar dragi úr henni en spáð var. Horfur eru á að verðbólga á fyrsta fjórðungi ársins verði umtalsvert minni en 18,6%, eins og spáð var í janúar, og að 2,5% verðbólguþrýstingurinn verði náð snemma á næsta ári. Vaxandi slaki í þjóðarbúskapnum styður við þessa þróun, eins og niðurstöður nýlegra þjóðhagsreikninga, aukið atvinnuleysi og aðrar skammtíma vísibendingar bera vitni um. Slaki á vinnumarkaði dregur verulega úr hættu á víxlverkun launa og verðlags.

Þótt verðbólguþrýstingurinn sé áfram langtíma markmið peningastefnunnar er gengisstöðugleiki markmið hennar við núverandi aðstæður. Meginástæðan er nauðsyn þess að verja viðkvæma efnahagsreikninga heimila og fyrirtækja á meðan endurreisn fjármálakerfisins stendur yfir.

Fjármagnshöft styðja við þetta markmið með því að hindra mikið útflæði fjármagns og verja gjaldeyrisforðann. Höftin verða áfram til staðar uns talið verður

óhætt að afnema þau. Nokkur óvissa ríkir enn um erlendar skuldir þjóðarbúsins, fjármál hins opinbera og endurreisn fjármálakerfisins, auk þess sem alþjóðlegar aðstæður eru óhagfelldar. Nauðsynleg skilyrði þess að höftunum verði aflétt eru því ekki enn fyrir hendi.

Ákvarðanir í peningamálum þurfa að taka mið af því að höftunum verður að lokum aflétt. Nægjanleg áhættuleiðrétt ávöxtun innlendra fjáreigna þarf því áfram að vera til staðar. Hins vegar hafa skammtí mavextir lækkað töluvert í umheiminum frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi. Vaxtamunur við útlönd hefur aukist sem því nemur. Minna peningalegt aðhald ætti því ekki að grafa undan stöðugleika krónunnar. Við upphaf vaxtalækkunarferlisins telur peningastefnunefndin rétt að fara varlega og haga vaxtabreytingum með hliðsjón af tíðu endurmati á stöðunni eftir því sem efnahagslegur stöðugleiki eykst. Í því ljósi hefur nefndin ákveðið að bæta við vaxtaákvörðunarfundi 8. apríl næstkomandi.

Heilbriggt fjármálakerfi er mikilvæg forsenda uppbyggingar íslensks efnahagslífs. Þess vegna er mikilvægt að endurskipulagning „nýju” og „gömlu” bankanna taki sem skemmstan tíma og sé gerð á viðeigandi hátt. Hið sama á við um aðgerðir til að byggja upp traustan eiginfjárgrunn annarra banka í samvinnu við kröfuhafa, eigendur og stjórnvöld. Allar þessar ákvarðanir þarf að taka með það fyrir augum að fjárhagslegt tap einkaaðila í kjölfar fjármálakreppunnar falli ekki á hið opinbera umfram það sem þegar er orðið.

19. mars 2009